45 6. marz. 10. Eyjafjarðarpósturinn fer frá Akureyri daginn eptir komu Reykjavíkurpóstins þangað, að Kviabekk í Ólafsfirði, og snýr aptur eptir sólarhrings-dvöl þar.

11. Þingeyjarsýslupóstur fer þegar í stað, er Akureyrarpósturinn er kominn að Grenjaðarstað, þaðan um Húsavík, Skinnastaði, Presthóla, Raufarhöfn og Sauðanes til Vopnafjarðar, og snýr aptur eptir sólarhringsdvöl þar, þó bíður hann Múlasýslupósts.

12. Múlasýslu-póstur fer frá Höfða (í Vallahreppi), undir eins og aðalpóstarnir II, 2 B. og III 2 A. eru komnir báðir til þessarar póstafgreiðslu, til Vopnafjarðar og snýr aptur þaðan eptir sólarhringsdvöl.

13. Árnessýslupóstur fer frá Hraungerði um Ólafsvelli að Reykjum á Skeiðum 2 dögum eptir komu póstsins frá Reykjavík, og snýr aptur hið fyrsta að unnt er.

14. Vestmannaeyjapóstur fer frá Breiðabólstað að Krossi daginn eptir komu póstsins frá Reykjavík, og snýr aptur hið fyrsta að unnt er. Þegar pósttaska kemur frá Vestmannaeyjum að Krossi, skal henni komið svo snemma að Breiðabólstað, að hún komist á póstinn frá Prestsbakka til Reykjavíkur.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 6. marz 1882.

**Hilmar Finsen.**

**Jón Jónsson.**

46 6. marz

## Auglýsing
### um burðareyri fyrir póstsendingar.
### I. Innanlands.

A. Brjefsendingar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | *Almenn brjef*: fyrir allt að 3 kvinta þunga . . . . . . . . . . | 10 aur. |
| | fyrir 3—25 — — . . . . . . . . . . | 20 — |
| | — 25—50 — — . . . . . . . . . . | 30 — |
| | Fyrir ófrímerkt eða ónóglega frímerkt brjef greiðist tvöfaldur burðareyrir. | |
| 2. | *Brjefspjöld* . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 5 — |
| 3. | *Krossbandssendingar* skal ávallt borga undir fyrir fram; þær mega vega allt að 5 pd., og burðargjaldið er fyrir hver 10 kv. eða minna . . . . | 3 — |
| 4. | *Meðmælingargjald* á sendingunum í 1.—3. tölul., fyrir hverja sending . | 20 — |
| 5. | Undir *peningabrjef* eða *verðbrjef* er borgað eptir vigt eins og almenn brjef (1. tölul.), og í ábyrgðargjald að auki eptir verðupphæð þeirri, er utan á brjefinu stendur, fyrir hverjar 100 kr. eða minna . . . . . , | 5 — |

B. Böggulsendingar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Með *landspóstunum* mega eigi vega yfir 5 pd.; burðareyrir fyrir hvert pund eða minna . . . . . . . . . . . . . . . . | 30 — |
| 2. | Með *strandferða-póstskipunum* mega bögglar vega allt að 10 pd. (ef eigi þarf að senda þá neitt yfir land); burðareyrir fyrir hvert pd. eða minna er | 10 — |
| | Sje verð tilgreint á böggulsending, hvort heldur send er á sjó eða landi greiðist í *ábyrgðargjald* fyrir hverjar 100 kr. eða minna . . . . . | 5 — |

### II. Milli Íslands og Danmerkur.

A. Brjefsendingar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | *Almenn brjef*: fyrir allt að 3 kvinta þunga . . . . . . . . | 16 — |
| | — 3—25 — — . . . . . . . . | 30 — |
| | — 25—50 — — . . . . . . . . | 50 — |

46 6. marz.

2. *Brjefspjöld* . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8 aur.
3. *Krossbandssendingar*: allt að 25 kv. . . . . . . . . . . . 16 —
25—50 — . . . . . . . . . . . . 25 —
4. *Meðmælingargjald* (fyrir hverja sending) . . . . . . . . . . . 16 —
5. *Peningabrjef* eptir vigt, sem að ofan (1. tölul.); þar að auki ábyrgðargjald eptir tilgreindu verði, fyrir hverjar 200 kr. eða minna . . . . . . . 25 —

B. Böggulsendingar mega vega allt að 10 pd. Burðareyrir greiðist með 25 a. aðalgjaldi fyrir hvern böggul og að auki fyrir hvert pund eða minna af vigt böggulsins . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10 —
*Ábyrgð* eptir tilgreindri verðupphæð: fyrir hverjar 200 kr. eða minna . . . 25 —

C. Póstávísunum getur pósthúsið í Reykjavík skipzt á við öll pósthús í Danmörk; milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar mega póstávísanirnar ekki hærri vera en 200 kr., og milli Reykjavíkur og annara staða í Danmörku eigi hærri en 100 kr. Burðareyri skal ávallt borga fyrir fram undir þær, og er hann fyrir hverjar 30 kr. eða minna. . . . . . . . . . . . . 20 —
þó svo að hann verði undir enga ávísun hærri en . . . . . . . . . 80 —

### III. Milli Íslands og utanríkislanda (sbr. stjórnartíðindi 1876 B 8).

A. Brjefsendingar:
1. *Almenn brjef*: fyrir hver 3 kvint eða minna . . . . . . . . . . 20 —
2. *Brjefspjöld* . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 10 —
3. *Krossbandssendingar*, fyrir hver 10 kvint eða minna . . . . . . . 5 —
þó eigi minna en 10 a. undir sending, sem sýnisvarningur er í, og eigi minna en 20 a. undir sending, sem viðskiptaskjöl eru í. Prentað mál og viðskiptaskjöl má vega allt að 4 pd. (sýnisvarningur 50 kv.).
4. *Meðmælingargjald* . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 16 —
5. *Verðbrjef*. (Flytjast að eins til einstakra ríkja og ekki til Bretlands nje Bandaríkjanna í Norður-Ameríku). Mótaða peninga má eigi í brjef leggja nema til Noregs, Svíþjóðar og Þjóðverjalands; um þau lönd gildir sú regla, að leggja má smá-upphæðir í brjef eins og innanlands. Til annara landa má að eins leggja í brjefin brjefpeninga eða önnur verðskjöl.
Burðareyrir undir þessi brjef er: 1. ofannefndur burðareyrir eptir vigt 20 a. (fyrir hver 3 kv.); 2. meðmælingargjald 16 a.; 3) ábyrgðargjald 18 a. fyrir hverjar 144 kr.

B. Böggulsendingar. Pósthúsin í *Reykjavík*, á *Akureyri*, á *Ísafirði*, á *Stykkishólmi* og á *Seyðisfirði* geta skipzt böggulsendingum á við nokkur utanríkislönd, ef þær vega eigi yfir 6 pd. og fullnægja skilyrðunum í Parísarsáttmálanum 3.nóvbr. 1880, sbr. stjórnartíðindi 1881 B, nr. 132 og 143; slíkar sendingar verða að ganga í gegnum hendur dönsku póststjórnarinnar. Burðareyrir er þessi:
Til Noregs og Svíþjóðar: fyrir böggla er vega undir 3 pd., fyrir hvert pd. 30 —
— — — — 3—6 — alls fyrir böggul 1,20 —
— Þjóðverjalands, fyrir hvern böggul . . . . . . . . . . . . 72 —
— Austurríkis, Ungverjalands, Svisslands, Hollands, Belgíu, Frakklands, Luxembourgar, fyrir hvern böggul . . . . . . . . . . . . 1,08 —
— Ítalíu, Montenegros, Rúmeníu, Serbíu, fyrir bögglinn . . . . . . . 1,62 —

46 Til Bolgaralands, fyrir böggulinn . . . . . . . . . . . . . . 1,98 aur.
6. marz. — Tyrklands og Alexandríu í Egyptalandi, fyrir böggulinn . . . . . 2,16 —
— annara staða í Egiptalandi, fyrir böggulinn . . . . . . . . . . 2,34 —

C. Póstávísunum skiptist pósthúsið í Reykjavík á við lönd þau, er nefnd eru hjer á eptir, fyrir milligöngu dönsku póststjórnarinnar, og er við hvert land tiltekin hæsta upphæð, sem ávísun má nema, og burðareyririnn, sem ávalt skal fyrirfram greiða.

Noregur og Svíþjóð (hæst 360 kr.). Burðareyrir 18 a. fyrir hverjar 18 kr. eða minna, minnst . . . . . . . . . . . . . 36 —

Þjóðverjaland (hæst 400 mörk = 360 kr.). Burðareyrir 9 a. fyrir hverjar 18 kr. eða minna, minnst . . . . . . . . . . . . 36 —

| | | |
|---|---|---|
| Belgía | (hæst 500 frankar = 365 kr.) | Burðareyrir: 18 aur. fyrir hverjar 18 kr. eða minna, minnst . . . . 36 — |
| Frakkland | (— — — = — —) | |
| Ítalía | (— — — = — —) | |
| Luxembourg | (— — — = — —) | |
| Holland | (— 400 gyllini = 600 kr.) | |
| Portúgal | (— 90,000 reis = 360 —) | |
| Rúmenía | (— 500 frankar = 365 —) | |
| Svissland | (— — — = — —) | |
| Egiptaland | (— 1800 pjastrar = 360 —) | |
| Konstantinopel | (— 400 mörk = 360 —) | |

Bretland hið mikla með Írlandi og Austur-Indlandi (180 kr.); fyrir 50 kr. eða minna 25 a.; yfir 50 og til 100 kr., 50 a.; yfir 100 kr. 75 —

Bandaríkin í Norður-Ameríku (hæst 50 dollars = 189 kr.):

fyrir allt að 5 doll. . . . . . . . . 50 a.
— 5—10 — . . . . . . . . 84 -
— 10—20 — . . . . . . . . 156 -
— 20—30 — . . . . . . . . 232 -
— 30—40 — . . . . . . . . 308 -
— 40—50 — . . . . . . . . 373 -

Landshöfðinginn yfir Íslandi, 6. marz 1882.

**Hilmar Finsen.**

**Jón Jónsson.**

44
2. marz.

## Verðlagsskrá fyrir Borgarfjarðarsýslu.

(Framhald frá bls. 40).

| | B. Ull, smjör og tólg. | Í pening. Kr. | Í pening. Aur. | Hundr. á Kr. | Hundr. á Aur. | Alin. Aur. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 10. | 1 ☌ 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni, pundið á | » | 72 | 86 | 40 | 72 |
| 11. | — 120 — af mislitri ullu, vel þveginni — - | » | 54 | 64 | 80 | 54 |
| 12. | — 120 — af smjöri, vel verkuðu . . — - | » | 68 | 81 | 60 | 68 |
| 13. | — 120 — af tólg, vel bræddri . . — - | » | 37 | 44 | 40 | 37 |